

Varasjóðir málaflokka
17998

Ársreikningur 2024

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Varasjóðir málaflokka (17998) er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs.

Starfsemi fjárlagaliðar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2024 var ársvelta 120,7 milljónir og afkoma kr. 120,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 127,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 131,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 5.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikninginn fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	2024	2023
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	120.700.000	(343.303.547)
Framlög og ýmsar tekjur	0	0
Tekjur samtals	120.700.000	(343.303.547)
Gjöld		
Framlög og tilfærslur	0	4.000.000
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	0	0
Annar rekstrarkostnaður	0	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	0	0
Gjöld samtals	0	4.000.000
Afkoma ársins	120.700.000	(347.303.547)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum		
Rekstur	120.700.000	(343.303.547)
Rekstrartilfærslur	0	(4.000.000)
Fjármagnstilfærslur	0	0
	120.700.000	(347.303.547)

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	2024	2023
Eignir		
Handbært fé	0	0
Viðskiptakröfur, aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	0	0
Staða við ríkisjóð	131.796.453	11.096.453
Eignir samtals	131.796.453	11.096.453
Skuldir		
Staða við ríkisjóð	0	0
Ýmsar skammtímaskuldir (fyrirframgreiddur kostnaður)	4.000.000	4.000.000
Skuldir samtals	4.000.000	4.000.000
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals	127.796.453	7.096.453
Eigið fé		
Hrein eign	127.796.453	7.096.453
Eigið fé samtals	127.796.453	7.096.453
Eigið fé og skuldir samtals	131.796.453	11.096.453

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024.....	146.200.000	0	0	0	146.200.000
Fjáraukalög og aðrar breytingar ársins	(18.403.547)	0	0	0	18.403.547
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	127.796.453	0	0	0	127.796.453
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	0	0	0	0	0
Staða fjárveitinga í lok árs 2024.....	127.796.453	0	0	0	127.796.453

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2. Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stjórnendur félagsins staðfesta að engar skuldbindingar, ábyrgðir eða ábyrgðarskuldbindingar eru til staðar sem ekki koma fram á efnahagsyfirlitinu.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru á hvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.

Staðfestingarbréf stjórnenda ríkisaðila vegna ársreiknings 2024

Í tengslum við ársreikning fyrir árið 2024 staðfestum við undirritaðir stjórnendur að eftirfarandi er samkvæmt okkar bestu vitund og þekkingu:

- Það er á ábyrgð stjórnenda að innleiða innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur ásamt því að vakta virkni þess. Ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki
- Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald fjárlagaliðarins. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða í viðskiptum fjárlagaliðarins.
- Að útgjöld fjárlagaliðarins og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um rekstur stofnunarinnar. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.
- Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.
- Allar eignir fjárlagaliðarins koma fram í efnahagsreikningi, þ.m.t. í eignaskrá. Fjárlagaliðurinn hefur fullnægjandi eignarheimildir fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá og hvíla engar kvaðir eða veðsetningar á þeim aðrar en þær sem upplýst
- Áætlun okkar um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.
- Við teljum að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum séu viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.
- Við höfum skráð eða skýrt frá öllum skuldum fjárlagaliðarins í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, og greint frá öllum ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila.
- Upplýsingar hafa verið veittar um alla skuldbindandi samninga fjárlagaliðarins.
- Upplýsingar hafa verið veittar um allar skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðu fjárlagaliðarins.
- Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðu fjárlagaliðarins í lok árs 2024.
- Staðfesting þessi hefur verið kynnt stjórn fjárlagaliðarins, án athugasemda [ef stjórn er skipuð].

(undirritað rafrænt, með sömu áritun og á ársreikning)